

5. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941 og 1. mgr. 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930.

Pykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 200.00 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Petersen, greiði 200.00 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1951.

Nr. 76/1950. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

William N. Brown (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinnssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjókort stað togdufls þess, er í málinu greinir og stjórnendur varðsksipsins Óðins miðuðu við. Reyndist sá staður vera rúmlega 0,4 sjómílu innan landhelgislínu. Skólastjórinn hefur einnig markað á sjókort stað duflsins samkvæmt mælingum þeim, sem ákærði telur, að hafi verið gerðar um borð í b/v Cape Cleveland, og var sá staður rúmlega 0,1 sjómílu innan landhelgislínu. Hins vegar treysti skólastjórinn sér ekki til að marka á sjókort stað varðsksipsins kl. 03.17 þann 15. maí 1950 samkvæmt

mælingum þeim, sem greindar eru í skýrslu varðskipsforingjanna. Að gengnum úrskurði Hæstaréttar 13. október f. á., komu skipherra og stýrimaður varðskipsins aftur fyrir dóm og gáfu þá skýringu á hornamælingum þessum, að um misritun sé að ræða, þannig að skipzt hafi um horn, og er staðarákvörðunin, svo breytt, sennileg, en skiptir annars engu um úrslit málsins.

Þá hefur og verið lögð fram í Hæstarétti skýrsla Alfreds Smiths, skipstjóra á b/v Tripoli. Kveðst hann hafa verið að veiðum á nefndum slóðum og lagt þar út togdufl um kl. 5 e. h. þann 15. maí 1950. Hafi staður duflsins samkvæmt ratsjarmælingu verið 4.75 sjómíllur frá norðurenda Málmeyjar og 7.125 sjómíllur frá norðurenda Drangeyjar. Verjandi ákærða staðhæfði fyrir Hæstarétti, að hér væri um sama dufl að ræða og áður greinir, en í skýrslu skipstjórans hafi misritast 15. maí í stað 14. maí. Friðrik Ólafsson skólastjóri hefur einnig markað stað þenna á sjókort, og reyndist hann vera um 0,4 sjómílu innan landhelgislínu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og þar sem ekkert hefur fram komið, er hnekki greindri staðarákvörðun varðskipsins varðandi togduflið, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að landhelgisveiðum í umrætt skipti, og hefur hann með því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í héraðsdómi, sbr. lög nr. 5/1951, en togarinn er yfir 200 brúttólestir að stærð. Gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur gekk, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, enda komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Willim N. Brown, greiði 74000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 16. maí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn William Norman Brown, skipstjóra á brezka togaranum Lacerta, C.Y. 641 frá Grimsby, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, William Norman Brown, er fæddur 1. ágúst 1896 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt hér kæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi.

Mánudaginn 15. þ. m. var varðbáturinn Óðinn staddur út af Skagafirði á eftirlitsferð austur með landi. Kl. 03.00 sá 1. stýrimaður, sem þá hafði varðstöðu á skipinu, marga togara fram undan. Gerði hann þá eftirfarandi staðarákvörðun.

Drangey

> 92° 40'

Ketubjarg

> 61° 40' stefna r/v 88°

Skagaviti

Voru þá 3 togarar að sjá nokkuð á stjórnbörða. Síðan hélt skipið áfram fulla ferð áleiðis til togaranna.

Kl. 03.17 er gerð önnur staðarákvörðun:

Málmey a. k.

> 82° 13'

Drangey v. k.

> 55° 11'

Ketubjarg

Við þessa staðarákvörðun var skipherrann ásamt 1. stýrimanni.

Virtist þeim þá togararnir vera að sjá á stjórnbörða, og toguðu 2 út um, en 1 var flatur fyrir. Kl. 03.24 lagði varðskipið að togaranum Lacerta, G.Y. 641, en á honum er ákærði skipstjóri. Var togarinn þá með stjórnbörðsvörpuna í sjó. Örskammt frá skipinu var togbauja.

Tveir menn voru nú sendir frá varðskipinu um borð í togarann og skipstjóra sagt að draga inn vörpuna og bíða átekta.

Varðskipið hélt síðan að togbaujunni og gerði þar eftirfarandi staðarákvörðun:

Málmey a. k.

> 58° 25'

Drangey v. k.

> 77° 00' dýpi 107 m.

Ketubjarg

og telur varðskipsforinginn, að það gefi stað baujunnar 0,4 sjómílu innan landhelgislinunnar.

Ákærði hefur ekki viljað viðurkenna staðarákvörðun varðskipsins á togbaujunni og gefið upp eftirfarandi staðarákvörðun skips síns. Austur-endi Málmeyjar S.A. a. S. $\frac{1}{4}$ S. og mið Drangey S.S.V. Ákærði viðurkenndi í réttinum, að þessi staðarákvörðun togbaujunnar sé á eða innan við landhelgislinuna. Einnig hefur ákærði viðurkennt að hafa togað í kringum togbaujuna, en kveður sig ekki hafa farið í stóra hringi í kringum hana, en vel geti verið, að hann hafi farið eina skipslengd eða svo inn fyrir landhelgislinuna.

Varðskipsforinginn og 1. stýrimaður hafa hins vegar báðir staðhæft, að staðarákvarðanir þeirra á réttarskjali nr. 1 séu réttar og að ákærði hafi verið að veiðum innan við togbaujuna.

Varðskipsforingjarnir tóku staðarákvarðanir sínar með sextanti við ágæt skilyrði.

Hafa þeir báðir staðfest framburð sinn fyrir réttinum með eiði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að veiðum innan við landhelgislinuna, er varðskipið stöðvaði hann kl. 03.24 þann 15. þ. m.

Með framanlýstu framferði sínu hefur ákærði að áliti réttarins gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924. Samkvæmt símskeyti frá Landsbankanum á réttarskjali nr. 4 jafngilda 100 gullkrónur 738.95 seðlakrónum og 110 seðlakrónur 13.533 gullkrónum.

Með hliðsjón af ofanrituðu gullgildi islenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 80.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri í togaranum Lacerta, G.Y. 641, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands. Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber ákærða að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, William Norman Brown, greiði 80.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Lacerta, G.Y 641, er gert upptækt til Landhelgisjórðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1951.

Nr. 77/1950. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn

George W. Thompson (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjókort stað togdufls þess, er í málinu greinir, og reyndist sá staður vera rúmlega 0,4 sjómílu innan landhelgislínu. Einnig hefur skólastjórinn markað á sjókort stað duflsins samkvæmt miðunum þeim, er ákærði kveðst hafa gert, og var sá staður rúmlega 0,1 sjómílu innan landhelgislínu. Þá hefur og verið lögð fram í Hæstarétti skýrsla Alfreds Smiths, skipstjóra á b/v Tripoli. Kveðst hann hafa verið að veiðum á nefndum slóðum og lagt þar út togdufl um kl. 5 e. h. þann 15. maí 1950. Hafi staður duflsins samkvæmt ratsjarmælingu verið 4.75 sjómílu frá norðurenda Málmeigar og 7.125 sjómílu frá norðurenda Drangeigar. Verjandi ákærða staðhæfði fyrir Hæstarétti, að hér væri um sama dufl að ræða og áður greinir, en í skýrslu skipstjórans hafi misritast 15. maí í stað 14. maí. Friðrik Ólafsson skólastjóri hefur einnig markað stað þenna á sjó-